VERÐHÆKKUN Á KJÖTI FRÁ MÁNUDEGINUM:

Bóndinn fær þriðjunginn, milliliðirnir og ríkið hitt

Þriðjungur þeirrar hækkunar sem nú verður á landbúnaðarafurðum rennur til bændanna — hitt, eða 66,15% hirða milliliðir og ríkissjóður í hækkuðum söluskatti.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu um búvöruverðshækkunina, sem blaðinu barst í gærkvöld. Hið nýja verð tekur gildi frá og með mánudeginum.

Grundvallarverð á kindakjöti til bænda hækkar um 7,82% að meðaltali. Kjötkílóið hækkar af þeirri ástæðu um 33,85 kr.

Sláturkostnaður hækkar hins vegar um 30 krónur á kílóið að meðaltali og tilfærsla vegna þess að gæruverð breytist ekki veldur enn hækkun kjötsins um 9.35 kr. kílóið. Heildsöluverð á dilkakjöti í 1. gæðaflokki hækkar því um 74,00 eða um 17,5%

Hundraðshluti smásöluálagningar hækkar um 1 stig á sumum vöruflokkum en lækkar á öðrum tilsvarandi segir í fréttatilkynningu framleiðsluráðs. T.d. gerir sú hækkun kr. 10.00 á hvert kíló súpukjöts og þar með hækkar hvert kíló af súpukjötinu um 100 krónur. Sundurliðun þessarar hækkunar lítur þannig út:

Bændur fá	**33,85 kr.**
Milliliðir	**40.00 kr.**
Vegna gæruverðsins	**9,35 kr.**
Ríkissjóður	**16,80 kr.**

Svipuð hlutföll eru í verði annarra kjötflokka. Útsöluverð breytist á einstökum tegundum kindakjöts sem hér segir:

Tegund	Áður	Frá 20.09	Hækkun %
Heilir og hálfir skrokkar	**549**	**656**	**19,5 %**
Súpukj., framp., síður	**548**	**679**	**16,3 %**
Súpukj., læri, hryggir framp.	**629**	**729**	**15,9 %**
Læri	**647**	**766**	**18,4 %**
Hryggir	**662**	**783**	**18,3 %**

Grundvallarverð nautgripakjöts hækkar nú um 8,1% og heildsöluverð svipað. Krónutala álagningar í smásölu á nautakjöti hækkar um 12,6%

Grundvallarverð á kartöflum hækkar um 10% að meðaltali og heildsöluverðið hækkar tilsvarandi frá því sem var sl. vetur þegar íslenskar kartöflur voru á markaði. Smásöluverðið er 12% lægra en verið hefur á erlendum kartöflum í sumar.

Hækkun kostnaðarliða

Skv. fréttatilkynningunni hækka einstakir liðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða sem hér segir:

Laun bóndans um 8,83%
Kjarnfóður um 2,3%
Viðhald og fyrning útihúsa um 8,8%

Viðhald girðinga um 20,8%
Kostnaður við vélar um 8,5%

Flutningskostnaður um 11,1%
Vaxtakostnaður um 19,5%

Annar kostnaður ótilgreindur um 20,9%

Sviþjóð:

Gífurleg spenna í kosningabaráttu

STOKKHÓLMI 17/9 — Mikil spenna ríkir nú í Sviþjóð vegna þess hve niðurstöður síðustu skoðanakönnunar sýndu litinn fylgismun á vinstri flokkunum annarsvegar og mið- og hægriflokkunum hinsvegar. Þær niðurstöður sýndu að vinstriflokkarnir höfðu bætt verulega við sig frá næstu skoðanakönnun á undan. Mið- og hægriflokkunum urðu þessi tíðindi mikil vonbrigði og hefur það valdið innbyrðis illindum í herbúðum þeirra. Veitast talsmenn hægriflokksins og Þjóðarflokksins nú mjög að Falldin, leiðtoga Miðflokksins, sem þeir segja að hafi yfirkeyrt sig á áróðrinum gegn kjarnorkuverunum.

Eftir að niðurstöður skoðanakönnunarinnar urðu kunnar, hafa mið- og hægriflokkarnir beint gríðarlegum áróðri að fylgismönnum kristilega flokksins, smáflokks sem stofnaður var 1964, hefur venjulega fengið 1.5% til 1.8% atkvæða en aldrei komið manni á þing. Ef liðsmenn þess flokks snerust nú til fylgis við borgarflokkana, gæti það riðið baggamuninn þeim í dag. Formaður kristilegra sagðist í dag engan frið hafa haft fyrir upphringingum manna, sem ákærðu flokk hans fyrir að hindra stjórnarskipti. Forustumenn kristilega flokksins eru margir úr söfnuðum fíladelfíumanna.



Svona lítur Albert Guðmundsson stórkaupmaður, knattspyrnumaður og alþingismaður, út í augum Halldórs Péturssonar listmálara.

Búist við miljón manns á minningarfundinn um Maó

Þögn 800 miljóna í þrjár mínútur

PEKING 17/9 NTB-Reuter — Gert er ráð fyrir að svo að segja öll kínverska þjóðin, 800 miljónir manna, muni taka þátt í þriggja mínútna þögn með morgninum í minningu hins látna formanns Kommúnistaflokks Kína, Maó Tse-túngs. Um miljón manns mun að líkindum safnast saman í miðborginni í Peking og umhverfis Torg hins himneska friðar, til þess að taka þátt í fjöldafundi, þar sem hinn látni leiðtogi verður hylltur. Haft er eftir kínverskri heimild að þetta verði einhver mesti fjöldafundur sögunnar.

Lík Maós hefur legið á viðhafnarbörum þangað til í dag í Alþýðuhöllinni í Peking, og hafa á þeim tíma um 350.000 manns komið að börunum. Átta sorgardögum eftir formanninn lýkur með minningarfundinum mikla á morgun, en hann verður haldinn í Forboðnu borginni svokölluðu, sem fræg er frá fornu fari. Engum útlendingum hefur verið boðið til minningarfundarins og útlendingum verður ekki heldur hleypt nær Torgi hins himneska

Framhald á bls. 14.

Yfirlitssýning á verkum Halldórs Péturssonar

Í fyrradag var opnuð að Kjarvalsstöðum, yfirlitssýning á verkum Halldórs Péturssonar listmálara. Sýndar eru 83 myndir af öllum tegundum og gerðum, en Halldór er sem alþjóð veit afar fjölhæfur málari.

Halldór Pétursson er fæddur í Reykjavík 26. sept. 1916 og stundaði listnám bæði hér heima og í Kaupmannahöfn og New York. Halldór hélt sína fyrstu sýningu hér á landi 1952 og hefur oft haldið sýningar hér heima síðan, en auk þess hefur hann sýnt í Bandaríkjunum, Austurríki, Tékkóslóvakíu og á Ítalíu.

Norskir deila um veiðirétt útlendinga

ÞRÁNDHEIMI 17/9 NTB — Í hönd farandi útfærsla norskrar fiskveiðilögsögu í 200 mílur virðist ætla að valda innbyrðis deilum milli norskra fiskimanna, miðað við það sem fram kom á landsfundi Norska fiskimannasambandsins í Þrándheimi í dag. Eru það hugsanl. veiðiréttindi annarra ríkja innan hinnar nýju lögsögu, er ósamkomulagi valda. Fiskimennirnir frá Norður-Noregi vilja sem minnst sjá af útlendingum innan nýju lögsögunnar og telja nauðsynlegt að takmarka veiðar þeirra þar sem mest til verndar fiskistofnunum. Hinsvegar veiða vesturnorskir fiskimenn yfir helming afla síns innan 200-mílna fiskveiðilögsögu annarra ríkja, og óttast þeir að veiðiréttindi þeirra þar verði skert í hlutfalli við skerðingar á veiðiréttindum útlendinga út af Norður-Noregi.

Finnska stjórnin fallin

Ósamkomulag út af fjárlögum ástæðan

HELSINKI 17/9 NTB-Reuter — Martti Miettunen, forsætisráðherra Finnlands, lýsti því yfir í dag að hann myndi biðjast lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína. Kveðst Miettunen taka þetta til bragðs vegna þess, að stjórnarflokkunum hafi mistekist að ná samkomulagi um ýmsa þætti fjárlaga. Stjórn Miettunens hefur setið síðan í desember síðastliðnum og eiga ráðherra í henni þrír stórir stjórnmálaflokkar, sósíaldemókratar, Lýðræðisbandalagið, þar sem kommúnistar eru sterkasti aðilinn, og Miðflokkurinn. Auk þess eiga hlut að stjórninni tveir smáflokkar, Frjálslyndi þjóðarflokkurinn og Sænski þjóðarflokkurinn.

Það var Urho Kekkonen forseti, sem mestan þátt átti í að koma stjórninni saman. Helstu ágreiningsefni stjórnarflokkanna nú eru ráðstafanir til að ráða bót á atvinnuleysi í byggingariðnaðinum og fjárveitingar til landbúnaðarmála. Samdráttur hefur verið í byggingariðnaðinum, og krefst Lýðræðisbandalagið meiri fjárveitinga til hans en hinir flokkarnir vilja samþykkja. Á hinn bóginn vilja sósíaldemókratar að takmörk séu sett fyrir efnahagslegum stuðningi ríkisins við landbúnaðinn, en á það má Miðflokkurinn, flokkur þeirra Kekkonens og Miettunens beggja, ekki heyra minnst, enda er aðalfylgi hans meðal bænda.